

Bæjarstjórn Snæfellsbæjar

FUNDARBOÐ – 394. FUNDUR

Fundur er boðaður í bæjarstjórn Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 9. október 2025 og hefst hann í **Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 16:00.**

Dagskrá bæjarstjórnarfundarins:

- 1) Sjómannagarðurinn á Hellissandi. Þóra Olsen og Óskar Skúlason mæta á fundinn.
- 2) Fundargerð 361. fundar bæjarráðs Snæfellsbæjar, dags. 17. september 2025.
- 3) Fundargerð 195. fundar umhverfis- og skipulagsnefndar, dags. 25. september 2025.
- 4) Fundargerð 30. fundar framkvæmdateymis Snæfellsbæjar, dags. 23. september 2025.
- 5) Fundargerð 21. fundar öldungaráðs Snæfellsbæjar, dags. 9. september 2025.
- 6) Fundargerð ungmennaráðs, dags. 3. september 2025.
- 7) Fundargerð fræðslunefndar, dags. 22. september 2025.
- 8) Fundargerð 234. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 13. júní 2025.
- 9) Fundargerð 235. fundar Breiðafjarðarnefndar, dags. 4. júlí 2025.
- 10) Fundargerð 197. fundar Heilbrigðisnefndar Vesturlands, dags. 18. september 2025.
- 11) Fundargerð 983. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 29. ágúst 2025.
- 12) Fundargerð 984. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 12. september 2025.
- 13) Fundargerð 985. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga, dags. 26. september 2025.
- 14) Fundargerð 83. fundar stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum, dags. 20. júní 2025.
- 15) Bréf frá stjórnnum UMF Víkings/Reynis og stjórn knattspyrnudeildar Víkings, ódags., varðandi ósk um styrk vegna yngri flokka þjálfunar.
- 16) Bréf frá Leikfélaginu Laugu, dags. 11. september 2025, varðandi ljósabúnað í Röstinni.
- 17) Bréf frá Hildigunni Haraldsdóttur og Þóri Hlífari Gunnarssyni, dags. 6. október 2025, varðandi heimild Snæfellsbæjar til að setja upp listaverk við aðkomu til Ólafsvíkur.
- 18) Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 22. september 2025, varðandi hvatningu til sveitarfélaga um að setja í aðalskipulag hvar megi stunda landbúnað með nýskógrækt og hvar ekki.
- 19) Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands, dags. 22. september 2025, varðandi hvatningu til sveitarfélaga um að skógrækt verði ekki háð framkvæmdaleyfi umfram það sem gildir um annan landbúnað.
- 20) Minnispointar bæjarstjóra.

Snæfellsbæ 8. 7. október 2025
Kristinn Jónasson, bæjarstjóri

361. fundur bæjarráðs Snæfellsbæjar, haldinn miðvikudaginn 17. september 2025 og hófst hann í Ráðhúsi Snæfellsbæjar kl. 11:00.

Mættir:

Júníana Björg Ottarsdóttir
Björn H Hilmarsson
Fríða Sveinsdóttir
Kristinn Jónasson, bærstjóri
Lilja Ólafardóttir, bæjarritari

Formaður bæjarráðs setti fund og bauð fundarmenn velkomna á fundinn. Var að svo búnu gengið beint til boðaðrar dagskrár.

Dagskrá:

1) Stöðugildi þroskaþjálfra við leikskóla Snæfellsbæjar.

Hermína, leikskólastjóri, og Linda, aðstoðarleikskólastjóri, mættu á fundinn og voru boðnar velkomnar. Föru þær yfir ástæður fyrir ósk leikskólans um stöðu þroskaþjálfra. Mikil umræða varð um erindið.

Véku Hermína og Linda nú af fundi og var þeim þökkúð koman.

2) Bréf frá öldungaráði, dags. 1. september 2025, varðandi bættu útlýsingu.

Bæjarráð þakkar fyrir góðar ábendingar og samþykkti að fela bærstjóra að skoða málið.

3) Bréf frá Kvænnaathvarfinu, dags. 5. september 2025, varðandi rekstrarstyrk.

Bæjarráð sér sér ekki fært að verða við beiðninni að þessu sinni.


4) Bréf frá Heilbrigðiseftirliti Vesturlands, dags. 11. september 2025, varðandi áform um breytingu á fyrirkomulagi eftirlits í samráðsgátt, ásamt fréttatilkynningu varðandi ákvörðun um breytta skipan heilbrigðiseftirlits á Íslandi.


Lagt fram til kynningar.


5) Minnispointar bærstjóra

- Bæjarráð gaf bærstjóra og bæjarritara heimild til að fela ráðningarstofu að auglýsa lausa til umsóknar stöðu hafnarstjóra í Snæfellsbæ.
- Bærstjóri sagði frá viðræðum um línuívilnun. Landbeitning og uppstokkun skiptir samfélagið í Snæfellsbæ töluverðu máli og skapar heilsársstörf.
- Bærstjóri sagði frá gangstéttarframkvæmdum í bæjarfélaginu. Þær ganga nokkuð vel.
- Framkvæmdir eru hafnar við Gilið í Ólafsvík.


Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 12:06


Júníana Björg Ottarsdóttir



Björn H Hilmarsson


Fríða Sveinsdóttir





Kristinn Jónasson, bærarstjóri



Lilja Ólafardóttir, bærarritari

JB
BTH
[9]

SKIPULAGSNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 195195. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, fimmtudaginn 25. september 2025
og hófst hann kl. 10:00.

Fundinn sátu:

Illugi Jens Jónasson, Magnús Eiríksson, Kristjana Hermannsdóttir, Hallveig Hörn Þorbjargardóttir, Eiríkur Böðvar Rúnarsson, Ragnar Már Ragnarsson, Gunnþóra Guðmundsdóttir og Valgerður Hlín Kristmannsdóttir.

Fundargerð ritaði: Ragnar Már Ragnarsson, Byggingarfulltrúi.

Illugi Jens Jónasson formaður, Gunnþóra Guðmundsdóttir skipulagsfulltrúi og Valgerður Hlín Kristmannsdóttir sátu fundinn í gegnum fjarfundarbúnað.

Dagskrá:

1. Krossavík - Umsókn um lóð - 2507002

Kári Viðarsson sækir um að fá lóðina Krossavík (L239583) úthlutaða til þess að reisa þar Krossavíkurböð sem stamastendur af móttökuhúsi, skiptiklefum, 3 saunum, slökunarrými og 3 heitum pottum. Áætluð stærð er 500 fm.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar með fyrirvara um samþykki bæjarstjórnar. Byggingarleyfi verður gefið út að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar s.s skil á teikningum, skráningu byggingarstjóra, iðnmeistara og trygginga, ásamt því að greiða gatnagerðargjöld sem falla til við úthlutun lóðarinnar. Í framhaldi af útgáfu byggingarleyfis er tæknideild Snæfellsbæjar falið að ganga frá lóðaleigusamningi við lóðarhafa.

Samþykkt

2. Krossavík 1 - Umsókn um lóð - 2507003

Kári Viðarsson sækir um að fá lóðina að Krossavík 1 úthlutaða og setja þar niður um 1500 fm bílastæði.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar í samræmi við bókun nefndarinnar fyrir mál nr. 1 í fundargerð - Krossavík 1 - Umsókn um lóð

Gengið verður frá lóðaleigusamningi fyrir Krossavík 1 samhliða lóðaleigusamningi fyrir lóðina Krossavík L239583.

Samþykkt

3. Skólabraut 9 - Umsókn um lóð - 2505078

Marís Gústaf Marísson sækir um lóð að Skólabraut 9, Hellissandi og áætla að byggja þar 80 fm einbýlishús úr timbri á tveimur hæðum.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar.

Samþykkt

4. Umsókn um lóðir vegna hraðhleðslustöðva - 2509015

Steinþór Aspelund sækir fyrir hönd InstaVolt Iceland ehf. um úthlutun lóðar/lóðarrýmis til að koma fyrir tveimur hraðhleðslustöðvum fyrir rafbíla. Fyrirhugað er að setja upp 2-4x 160 kW hraðhleðslustöðvar annars vegar á Hellissandi og hins vegar á Ólafsvík.

Umhverfis og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindi Instavolt og felur tæknideild að ræða við forsvarsmenn fyrirtækisins um hugsanlegar staðsetningar fyrir hleðslustöðvar á Hellissandi og í Ólafsvík.

Jákvætt

5. Grundarslóð 8 - Umsókn um lóð - 2509010

Sveinn Arnar Knútsson sækir um lóð að Grundarslóð 8, Arnarstapa. Áætlað er að byggja þar 120 fm parhús. Einnig er óskað eftir því að byggingarreitnum verði snúið um 90 gráður.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir úthlutun lóðarinnar en felur byggingarfulltrúa að óska eftir frekari gögnum varðandi legu hússins ofl.

Samþykkt

6. Hellisbraut 1a - Umsókn um stækkun lóðar - 2509009

Steingerður Jóhannsdóttir sækir um leyfi til þess að stækka lóðina Hellisbraut 1a þannig að hún nái yfir allt portið suðvestan við húsið.

Umhverfis-og skipulagsnefnd bendir umsækjanda á að upprunaland lóðarinnar Hellisbraut 1a sé Hellisbraut 1 en sú lóð er leigð til Hraðfrystihúss Hellissands. Í ljósi þess að lóðin sé innan lóðarmarka Hellisbrautar 1 þá verði stækkun lóðarinnar ekki framkvæmd nema með samþykki lóðarhafa Hellisbrautar 1. Umhverfis-og skipulagsnefnd bendir umsækjanda á að ræða við eiganda Hellisbrautar 1 um hugsanlega stækkunarmöguleika. Náist samkomulag milli lóðarhafa mun tæknideild Snæfellsbæjar ganga frá nýjum lóðarblöðum og lóðarleigusamningum fyrir báðar lóðirnar. Einnig bendir nefndin á að stækkunin eins og hún er sýnd á yfirlitsmynd, sem fylgdi erindinu, sýnir ósk um stækkun til suð-vestur. Telur nefndin að heppilegra væri að stækka lóðina til norð-austurs og að lóðarmörkum og tryggja þannig um leið gott aðgengi að lóðinni Hellisbraut 1A, beint frá Keflavíkurgötu, í stað þess að fara þurfi yfir lóðina Hellisbraut 1.

Í ljósi ofangreindra atriða hafnar Umhverfi-og skipulagsnefnd erindinu

Hafnað

7. Fyrirspurn um skipulagsmál - Áhugi á lóðum innan F-1 á Hellissandi - 2509012

Eggert Bjarnason sendir inn fyrirspurn vegna skipulagsmála. Eggert hefur áhuga á því að sækja um úthlutuna á 5-6 lóðum undir sumarhús á frístundareitnum F-1 á Hellissandi og spyr því hvort sveitarfélagið sjái fram á að fara í deiliskipulagsvinnu á umræddum reit. Fyrirhugað hús eru samskonar hús og eru við Móa, Akranesi.

Umhverfis-og skipulagsnefnd bendir á að umrætt svæði sé ekki deiliskipulagt og ekki liggur fyrir ákvörðun bæjaryfirvalda um að fara í deiliskipulagsvinnu. Þegar-og ef deiliskipulag liggur fyrir þá verði svæðið auglýst til úthlutunar.

Hafnað

8. Bjarnarfoss og Bjarnarfoss II - Merkjalýsing - 2508009

Hildigunnur Haraldsdóttir, f.h. eigenda Bjarnarfoss, óskar eftir heimild til að fá Adam Hoffritz til að skrá leiðrétt landamerki fyrir Bjarnarfoss og Bjarnarfoss II sem 7.5 ha, en það land er aðeins 7.2 ha. Landeigandi Bjarnarfosskots hefur samþykkt að land Bjarnarfoss, sem er skráð um 3 ha stækki í 3.42 ha til að heildarstærð verði yfir 10.5 ha.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

9. Dalbrekka, Ólafsvík - Tillaga að nýju deiliskipulagi - 2401013

Kynntar eru umsagnir sem bárust á kynningartíma vinnslutillögu sem kynnt var frá 25. júlí - 15. september 2025. Alls bárust 4 umsagnir.

Skipulagsfulltrúi kynnti stöðu verkefnisins.

Kynnt

10. Fyrirspurn vegna Brekkubæjarlands á Hellnum - 2509017

Hildigunnur Haraldsdóttir sendir inn fyrirspurn fyrir hönd Mitra Maria Hedman.

Mitra Hedman og samstarfsaðilar hafa áhuga á að kaupa land Brekkubæjar og þegar deiliskipulagðar lóðir við Kjarvalströð. Það hafa þau hug á að byggja sjálfbær hús, en hún hefur mikla reynslu á því sviði. Fyrirspurn inniheldur spurningar til umhverfis- og skipulagsnefndar Snæfellsbæjar.

Vegna hugsanlegra kaupa á landi Brekkubæjar er óskað eftir afstöðu skipulagsyfirvalda vegna nokkurra atriða. Í fyrsta áfanga er fyrirhugað að reisa hús á þeim 8 lóðum sem þegar hafa verið deiliskipulagðar. Í kjölfarið verður unnið að deiliskipulagi fyrir lítið hótél suðaustan Kjarvalstraðar og síðar nýrra svæða handan Hellnavegar. Áframhaldandi deiliskipulagsgerð verður í samræmi við stefnumörkun aðalskipulags Snæfellsbæjar. Lítil svæði verða tekin fyrir og þróun mun verða í samræmi við eftirspurn og þörf.

1. Er einhver verndun á svæðinu eða nærri fyrirhuguðu byggingarsvæði, t.d. vegna arfleifðar, menningar eða andlegs gildis.

2. Liggur fornleifaskráning fyrir eða sögulegar heimildir sem ég ætti að skoða áður en ég vinn að skipulagi nýrra reita?

Skipulag:

1. Hverjar eru umhverfis- og sjálfbærnikröfur (orkunotkun, efni, aðlögun að landslagi)?

2. Er þörf á mati á sjónrænum áhrifum þar sem byggð getur haft áhrif á útsýni eða ásýnd á helga staði og kennileiti?

Umhverfi- og samfélag:

1. Þarf að gera umhverfismat (EIA) fyrir svæðið?

2. Eru til staðar vernduð vistkerfi, vatnaleiðir eða tegundir plantna eða dýra sem þarf að taka tillit til?

3. Eru til staðar almenningstígar, vegaréttindi eða samkomustaðir sem verður að varðveita?

Samstarf og tækifæri:

1. Gera bæjaryfirvöld ráð fyrir samstarfi opinberra aðila og einkaaðila í verkefni á þessu svæði verkefni?

2. Munu bæjaryfirvöld styðja nýstárlegar sjálfbærar byggingaraðferðir með hliðsjón af stefnu EarthCheck?

3. Eru fjármögnun, styrkir eða hvatar í boði fyrir sjálfbær verkefni eða verkefni sem tengjast menningararfi?

4. Geta bæjaryfirvöld kynnt menningar- eða andlega hagsmunaaðila á staðnum sem ég ætti að fá til að taka þátt snemma í hönnuninni?

Umhverfis-og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari upplýsingum um fyrirhuguð hús sem stendur til að byggja á svæðinu. skipulagsfulltrúa falið að koma á fundi með fyrirspyrjanda og bæjaryfirvöldum.

Jákvætt

11. Amtmannshúsið á Arnarstapa_Nýtt deiliskipulag - 2505073

Auglýst var nýtt deiliskipulag er nær til lóðarinnar við Amtmannshúsið. Í tillögunni er skilgreindur byggingarreitur og gert ráð fyrir vellíðunarhúsi á lóðinni. Tillagan var kynnt umhverfis- og skipulagsnefnd á fundi ráðsins þann 16. júní '25 og var auglýst frá 25.06. til og með 6.08.2025. Alls bárust fimm umsagnir vegna deiliskipulagstillögunnar.

Lagðar eru fram þær umsagnir sem bárust á tíma auglýsingar og samantekt tæknideildar á athugasemdum vegna deiliskipulagstillögunnar.

Skipulagsfulltrúi fór yfir þær athugasemdir sem komu fram á auglýsingatímanum ásamt tillögum að svörum. Tæknideild falið að svara umsagnaraðilum.

Samþykkt

12. Hella - Ósk um stækkun lóðar - 2508001

Á fundi 194 þann 18. ágúst 2025 var erindi frá Hafþóri Svanssoni tekið fyrir og óskaði umhverfis- og skipulagsnefnd þá eftir frekari gögnum. Hér með er lögð fram tillaga að stækkun lóðar undir íbúðarhús á Helli.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir meðf. tillögu og felur tæknideild að ganga frá lóðaleigusamningi við lóðarhafa.

Samþykkt

13. Fossabrekka 15 - Ósk um breytingu á lóð vegna hæðarmunar - Áframhaldandi umræða - 2508005

Erindið kom til umræðu á síðasta fundi umhverfis- og skipulagsnefndar þar sem óskað var eftir frekari gögnum. Áframhaldandi umræða varðandi málið miðað við deiliskipulag í gildi.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis-og skipulagsnefnd bendir á að í gildi er deiliskipulag frá 2022 fyrir svæðið og ekki standi til að breyta því, án stórvægilegra breytinga á deiliskipulaginu er ekki hægt að verða við umræddri ósk.

Hafnað

14. Akrajörð - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 64,7 fm íbúðar- og gistihúsi við Garðasand - 2508010

Guðmundur Víðisson hönnuður sækir fyrir hönd Elínar G. Gunnlaugsdóttur um byggingarleyfi fyrir 67,4 fm íbúðar-og gistihúsi á Akrajörð. Húsið mun standa á ræktuðum túnfleti nálægt sandfjöru sem nefnd er Garðasandur.

Umhverfis-og skipulagsnefnd óskar eftir frekari upplýsingum s.s samþykki landeiganda. Einnig er teknideild falið að kanna heimildir í skipulagi fyrir húsinu.

Frestað

15. Hótel Arnarstapi - Umsókn um byggingarleyfi fyrir 92,7fm viðbyggingu við þjónustumiðstöð - 2508007

Haukur Ásgeirsson hönnuður sækir fyrir hönd Hótel Arnarstapa ehf um byggingarleyfi fyrir 92,7 fm viðbyggingu við þjónustumiðstöðina að Bárðarslóð 1. Um að ræða stækkun veitingasals.

Umhverfis og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara að unnin verði óveruleg breyting á deiliskipulagi, enda nær fyrirhuguð stækkun út fyrir byggingarreit sem skilgreindur er í deiliskipulagi. Að undangenginni breytingu á dsk samþykkir nefndin fyrir sitt leyti útgáfu byggingarleyfis að uppfylltum skilyrðum byggingarreglugerðar.

Samþykkt

16. Brautarholt 20 - Umsókn um leyfi fyrir palli - 2509011

Vígfús Bjarnason sækir um leyfi fyrir 20 fm palli á suðurverönd. Pallurinn verður í sömu hæð og núverandi pallur og mun ná að lóðarmörkum í suður. Samþykki meðeigenda hússins liggur fyrir.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

Samþykkt

17. Háarif 47 - Umsókn um leyfi til að klæða húsið með bárujárni - 2509014

Jaroslav Kuznik sækir um byggingarleyfi fyrir því að klæða hús sitt að Háarifi 47 með bárujárni.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

18. Grundarbraut 20 - Umsókn um byggingarleyfi fyrir svalahurð á vesturhlið og varmadælu á norðurhlið - 2509018

Ævar Þór Sveinsson sækir um byggingarleyfi fyrir nýrri svalahurð á vesturhlið hússins og varmadælu á norðurhlið hússins. Einnig er sótt um að síkka þvottahúsglugga (fyrir miðju) á norðurhlið hússins í samræmi við síðan glugga á sömu hlið.

UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir erindið með fyrirvara um uppfyllt skilyrði byggingarreglugerðar.

Samþykkt

19. Grundarbraut 1 - Ósk um heimild til að færa fyrirhugaðan bílskúr 3,5 metra innar í lóðina og breyta í gestahús - 2509020

Sigurður Jónsson óskar eftir heimild til að færa fyrirhugaða byggingu um 3,5 metra innan lóðar miðað við áður útgefið lóðarblað. Gólfhæð byggingar verður sú sama og í núverandi íbúðarhúsi. Einnig er óskað eftir heimild til þess að nýta bygginguna sem gestahús, í stað bílgeymslu.

Umhverfis-og umhverfisnefnd samþykkir að bílskúrin verði færður til NA um 2.3 m en hafnar ósk um að breyta notkun hússins í gestahús.

Jákvætt

20. Hótel Arnarstapi - Umsókn um stöðuleyfi fyrir tvo gáma í tengslum við framkvæmdir - 2508008

Haukur Ásgeirsson sækir fyrir hönd Hótel Arnarstapa um stöðuleyfi fyrir tveimur 40 ft gámum úr stáli við bakhlið þjónustuhússins að Bárðarslóð 1. Stöðuleyfið er hugsað til tímabundinnar geymslu á húsmunum og vegna starfsmannaaðstöðu þeirra sem koma að stækkuninni á þjónustubyggingunni.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir stöðuleyfi til 9 mánaða vegna framkvæmda við stækkun matsalar á hótelinu.

Samþykkt

21. Selafjaran Ytri-Tungu - Umsókn um stöðuleyfi fyrir þurrsalerni - 2509013

Þorgrímur Guðmundsson sækir fyrir hönd Lukkutanga ehf um stöðuleyfi fyrir þurrsalerni við selafjöruna Ytri-Tungu í 12 mánuði.

Umhverfis-og skipulagsnefnd samþykkir fyrir sitt leyti útgáfu stöðuleyfis til 12 mánaða.

Samþykkt

22. Endurnýjun lóðarleigusamninga á hafnarsvæði Ólafsvíkur - 2509016

Til umræðu er staða lóðarleigusamninga við Bankastræti miðað við gildandi deiliskipulag.

Umhverfis-og skipulagsnefnd frestar málinu.

Frestað

23. Smáhýsi í Snæfellsbæ - 2509019

Staða á fjölda smáhýsa á Hellissandi kynnt en eins og staðan var í ágúst 2025 standa þar 41 smáhýsi. Fjöldi smáhýsa á Rífi og í Ólafsvík verður skoðaður á næstu vikum.

Umhverfis-og skipulagsnefnd fagnar að hafin sé samantekt á því hversu mörg smáhýsi eru í þéttbýliskjörnum Snæfellsbæ. Nefndin bendir á að um smáhýsi gilda skýrar reglur og ber íbúum að fara eftir þeim. Nefndin óskar eftir því að vinnu við samantektina ljúki fyrir Rífi og Ólafsvík og niðurstaðan verði kynnt nefndinni á næsta fundi.

Kynnt

24. Önnur mál - Umhverfis- og skipulagsnefnd 2025 - 2412010

- Tillaga að fundarplani umhverfis- og skipulagsnefndar fyrir veturinn 2025-2026 tekin fyrir

Kynnt

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 13:30.

30. fundur framkvæmdeymis Snæfellsbæjar haldinn 23. september 2025 í fundarsal Ráðhússins og hófst hann kl. 09:00.

Mætt: Kristinn Jónasson, Björn Arnaldsson, Smári Jónas Lúðvíksson, Ragnar Már Ragnarsson, Valgerður Kristmannsdóttir, Vagn Ingólfsson, Matthías Páll Gunnarsson, Vilborg Lilja Stefánsdóttir og Baldvin Leifur Ívarsson. Lilja Ólafardóttir ritaði fundargerð.

1) Björn fór yfir neðangreinda punkta um framkvæmdir á vegum Hafnarsjóðs:

- a) Útboð á stálþilsefni vegna 100.0 m. lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík var auglýst 20.01. og opnað 25.02. s.l. 5 tilboð bárust og hefur samningur verið undirritaður við lægstbjóðanda G. Arason ehf. Stálþilsefnið ásamt kanttré er komið á verkstað í Ólafsvík.
- b) Útboð vegna dýpkunar í innsiglingunni til Rifshafnar var auglýst 17.03. og opnað 01.04. s.l. Eitt tilboð barst frá Björgun ehf. og hefur samningur verið undirritaður við félagið. Dýpkunarskip kom til Rifshafnar 19.08. og lauk dýpkun 29.08. s.l. Fjarlægðir voru um 8.330 m³ af dýpkunarefni. Framkvæmdum lokið.
- c) Útboð vegna lengingar á Norðurgarðsbryggjunni í Ólafsvík um 100.0 m. þ.e. fyrirstöðugarður, þilskurður og rekstur á stálþili var auglýst 05.05. og var opnað 20.05. s.l. 3 tilboð bárust og hefur samningur verið undirritaður við lægstbjóðanda Hagtak ehf. Gert er ráð fyrir að verktaki hefji framkvæmdir í lok september n.k.
- d) Unnið var að lokafrágangi við nýjan löndunarkrana við Norðurkant í Rifshöfn. Í Rifshöfn eru nú komnir 3 löndunarkranar. Framkvæmdum lokið.
- e) Verið er að skipta um 5 bryggjupolla á Suðurlipi í Ólafsvíkurhöfn.
- f) Búið er að setja út nýja bauju við innsiglinguna til Ólafsvíkurhafnar.
- g) Fyrirhugað er að skoða svæði innan þjóðgarðsins Snæfellsjökuls á Malarífi og við Hellisbraut á Hellissandi varðandi þörf á sjóvörnum.
- h) Unnið var við endurbætur á uppsátri fyrir smábáta í Ólafsvíkurhöfn, búið er að steypa nýtt uppsátur og kantstein. Framkvæmdum lokið.
- i) Öryggisbúnaður yfirfarinn og málaður á bryggjunni á Búðum.
- j) Búið er að háþrýstipvo og mála þakið á hafnarhúsinu á Arnarstapa.
- k) Búið er að malbika Hafnargötuna við Frystiklefann í Rífi. Framkvæmdum lokið.
- l) Verið er að yfirfara alla götulýsingu á hafnarsvæði Rifshafnar, búið er að skipta um 7 af 16 lömpum og verður þá öll götulýsing með LED lömpum.
- m) Öll lýsing á götu, bílaplani og bryggju á Arnarstapa yfirfarin og skipt um 4 stk. af lömpum.
- n) Búið er að taka til á plani við Norðurgarð í Ólafsvík og malbika 340 m² af planinu.
- o) Unnið er að undirbúningi fyrir málningu að utan á skemmu hafnarsjóðs við Háarif í Rífi

Önnur smærri verk.

- p) **RIFSHÖFN:** Búið er að mála alla bryggjupolla, öll ljósamasturshús að innan, vitann á brúsanum og innsiglingamerkin, hreinsa hluta af sandföngum í götuniðurföllum á hafnarsvæðinu og fara yfir og laga öll glitmerki á bryggjuköntum.

MPG
VHK
TT
SK
SV

- q) **ÓLAFSVÍKURHÖFN:** Búið er að mála alla bryggjupolla, öll ljósamasturshús að innan og utan, mála vitann á brúsanum og innsiglingavörður við Fossá, mála Ólafsvíkurvita að innan og utan og tvo löndunarkrana á Trébryggju og við Norðurtanga.
- r) **ARNARSTAPAHÖFN:** Búið að mála löndunarkranann, verið er að mála ljósamasturshús að innan og verið er að yfirfara upptökuspil

2) Leifur fór yfir framkvæmdir:

- a) Unnið í Engihlíð 22 3hh. Sú íbúð er að verða tilbúin til útleigu.
- b) Jaðar:
- i. Málaður gamli matsalurinn
 - ii. Málað herbergi á 2.hæð og gólf undirbúið fyrir nýjan dúk.
 - iii. Gamla gólfefnið var rifið af sjónvarpssal og gangi frá inngangi og nýr dúkur settur í staðinn.
 - iv. Ýmis smáverkefni önnur t.d. nýjar rúllugardínur settar upp í eldri byggingu á Jaðri
- c) Krílakot: Unnið að breytingum á þvottaaðstöðu, fjarlægð salerni og ýmislegt annað, málað.
- d) Kríuból: Settur upp skápur, önnur smáviðvik.
- e) Á báðum leikskólum var eitruð fyrir silfurskottum í sumarfríinu.
- f) Lýsuhóll: smávægilegar lagfæringar í sundlaug og skóla.
- g) Sinnti ýmsum málum í ágúst t.d. götusögun og hitt og þetta.

3) Ævar sendi punkta vegna Áhaldahússins og sumarvinnunnar.

Júní

- a) Viðhald á bæjargirðingum, keyrð út stóru blómakerin og þeim komið fyrir.
- b) Malbiksviðgerðir í Grundarbraut,
- c) Sett brunndæla við gamla Blómsturvallahúsið og hún tengd við frárennsliskerfið
- d) Skipt um öndunarventil á stofnvatnslögn að Rífi.
- e) Slátturdót gert klárt og sumarvinnan undirbúin.
- f) Þjónusta framkvæmdir í Vallholti.
- g) Transportað með fánaborgir upp og niður mörgum sinnum.
- h) Vinnuskólinn.

Júlí

- i) Brunnlok í Hjarðatúni lagað, eftir að steypa.
- j) Unnið við Vallholt
- k) Heimtaug við Helluhól löguð
- l) Lagaðar þvottasúrur í Engilhlið 16f.
- m) Viðgerðir á sláttubúnaði.
- n) Sumarvinnan og þjónustað við Vallholt.

MPG UMK
vi 77
88
32
511
3A.

- o) Undirbúið fyrir Ólafsvíkurdaga.
- p) Sett nýtt vatnsinntak við Vallholt18.
- q) Lagaður göngustígur í Klifinu.
- r) Vinnuskólinn.
- s) Byrjað að taka upp niðurföll í Skipholti og gera þau klár fyrir malbikun
- t) 14. júlí - byrjað að vinna í Naustabúð
- u) Þjónusta vinnuskólann, Vallholt og Naustabúð.
- v) Viðgerð á sláttutraktor
- w) Gert við leka reglulega í Naustabúð
- x) Vallholt þjónustað
- y) Soðin saman vatnslögn í Naustabúð og hún tengd.
- z) Vatnslagnir í Naustabúð tengdar við Dyngjubúð.
- aa) 27. júlí sumarfrí

September

- a) Tiltekt og frágangur við Áhaldahús.
- b) Skipt um pípur í ristahliði við Sveinsstaði
- c) Flokka og endurraða vatnslagnalagernum eftir sumarið
- d) Tiltekt við Ráðhús og víðar
- e) Löguð réttin á Breiðinni
- f) Settur upp nýr skenkur og snúningur á sjónvarp á Jaðri
- g) Skipt um sand í sandkössum á leikskólunum
- h) Verið að skipta út grindverki í kringum sandkassana í leikskólanum Ólafsvík
- i) Máluð leiktæki á útisvæðum ef veður leyfir
- j) Unnið við uppslátt á nýjum gangstéttum í Ólafsvík.
- k) Gripið í að laga slátturvélar og orf eftir sumarið
- l) Gert við vatnsleka við Batahöllina.
- m) Gengið frá útihúsgögnum á Jaðri.
- n) Ýmis þjónusta við vatnsveituna.

4) Matthías fór yfir neðangreinda punkta:

Sundlaug

- a) Þakrennur lagaðar á norðurhlið.
- b) Ljós í rennibraut sett upp.
- c) Upplýsingaskjár settur upp í anddyrinu.
- d) Elementi skipt út í saunatunnu.
- e) Hlið sett upp í áhaldageymslu.
- f) Settur upp neyðarhnappur í sauna og infrarauðum klefum.

MPG VHK
 SJL ~~SA.~~ vi ~~SA.~~ ~~SA.~~

- g) Tíðnibreytir bilaði við B pott og var skipt út.
- h) Eining fyrir hitamæla við iðntölvu bilaði og ný sett í staðinn.
- i) Infrarauður klefi lagaður.

Íþróttahús Ólafsvík

- a) Klæðning á ruslageymslu löguð og máluð.
- b) Sett rafmagnsrennihurð í anddyrið uppi.
- c) Steyptur kantur til að halda hellunum við stigann niður meðfram íþróttahúsinu.
- d) Rimlahurð sett undir áhorfendabekki.
- e) Settar nýjar lamir á hurðir í neðri inngangi.
- f) Stálbitar uppi í íþróttarsal þrífir ásamt gluggum í anddyri.
- g) Hurðalæsing endurnýjuð í hurð við andyri inn í sal.

Íþróttavöllur - Ólafsvík

- j) Fótboltavöllurinn hreinsaður og gúmmí var losað upp.
- k) Vallarburstinn var lagaður.
- l) Stúkur voru þrífir og sæti löguð.

Slökkvistöð

- m) Þakkantur endurbyggður og settar nýjar rennur.
- n) Tekið var til á lóðinni og gert snyrtilegt í kringum húsið.
- o) Veggir háþrýstipvegnir og verið er að bíða eftir sprunguviðgerðum.
- p) Farið yfir alla brunahana í sveitarfélaginu í sumar, bæði norðan og sunnan heiðar.
- q) Klippibúnaðurinn fór í skoðun.

Tölvumál

- r) Verið að vinna í að uppfæra allar tölvur í Windows 11 fyrir 15. október.
- s) Verið er að innleiða Syndis netvarnir.
- t) 3 tölvur uppfærðar í Ráðhúsi.

Annað

- u) Ný net í mörk á sparkvelli á Hellissandi og grindverk lagað.
- v) Settur upp battavöllur við sparkvöll í Ólafsvík.

5) Vagn fór yfir punkta vegna grunnskólamannvirkja.

Starfsdeildin á Hellissandi – frá miðjum júní:

- a) Tiltekt og rusl fjarlægt.
- b) Leiktæki yfirfarin.
- c) Uppsetning á 3 rafmagnskennaraborðum.
- d) Kaffistofa kennara á Hellissandi máluð, sólbekkir við glugga lagaðir, sparstlaðir, grunnaðir og lakkaðir. Gluggar að lokum endurkíttaðir að innan. Mikil og góð breyting á rýminu.
- e) Gluggar smurðir.

Handwritten signatures and initials in blue ink, including "VHK", "SUL", "MPG", "ZLS", and others.

- f) Nýju gluggarnir (tveggja ára) líta alls ekki vel út eftir þennan tíma. Gluggarnir eru að breyta um lit, væntanlega af sólarljósi. Léleg efni eru í öllum járnabúnaði sem hefur ryðgað og fallið á. Ég hef haft orð á þessu í einhvern tíma við Ragnar enda er þetta löngu komið í ljós. Þann 19. ágúst síðastliðinn hafði ég samband símleiðis við Gluggatækni þar sem gluggarnir eru keyptir og óskaði eftir manni frá þeim til að skoða ástand glugganna og var það sjálfsagt mál. Þann 23. ágúst síðastliðinn kom viðgerðarmaður frá þeim til að skoða og hann hafði á orði að þetta væri alls ekki ásættanlegt. Hann ætlaði í framhaldi af heimsókn sinni að sýna yfirmönnum sínum myndir og að upplýsa þá um ástand glugganna. Við töluðum um að þegar þeir væru búnir að skoða þetta mál þá myndu þeir hafa samband við Ragnar. Það þarf að ganga á eftir viðbrögðum þeirra við þessu ástandi.

Starfsdeildin í Ólafsvík – frá miðjum júní:

- a) Tiltekt og rusl fjarlægt.
- b) Leiktæki yfirfarin.
- c) Þakkantur sunnanvert á Kálfi lagaður.
- d) Þak vesturbyggingar skólans grunnað og málað.
- e) Uppsetning á 5 rafmagnskennaraborðum.
- f) Gler pantað í 3 glugga og einn gluggi til stendur að koma því í fljótlega.
- g) Skrifstofa aðstoðarskólastjóra máluð og skipt út flúorljósum fyrir Led lýsingu.
- h) Slökkvitæki endurnýjuð og yfirfarin.
- i) Skólastofa 9 máluð.

6) Ragnar, Smári og Valgerður fóru yfir punkta vegna tæknideildarinnar:

- a) Unnið var að endurbótum á Vallholti. Farið var í jarðvegsskipti, endurnýjun lagna, og nýtt malbik lagt á götuna. Byrjað er að slá upp fyrir nýjum gangstéttum.
- b) Efsti hluti Grundarbrautar var endurnýjuð með jarðvegsskiptum og nýju malbiki og er búið að steypa gangstéttar og er verkið í lokafrágangi.
- c) Naustabúð var endurnýjuð að stórum hluta. Töluverð jarðvegsskipti voru gerð í götunni samhliða því að ný vatnslögn var lögð í götuna. Einnig voru vatnsheimtaugar endurnýjaðar á nokkrum stöðum. Að lokum var gatan malbikuð.
- d) Endurbætur voru gerðar á ráðhúsi Snæfellsbæjar. Húsið var háprýstipvegið áður en farið var í múrviðgerðir og málun á húsinu. Þakklæðning og þakkantur hússins var komin til ára sinna og var henni skipt út fyrir EPMD dúk og flasningar endurnýjaðar. Á efra þaki hússins var klárað að setja í nýja glugga en beðið var með ísetninguna þar til að farið yrði í endurbætur á þakinu.
- e) Þak á "nýja skólanum" og millibyggingum í Ólafsvík var háprýstipvegið og málað.
- f) Ný vinnurými í leikskólanum í Ólafsvík voru útbúin og er verið að leggja lokahönd á þá framvæmd.

MPA UHK
ad 11. 36L
B.A. Vi 10

- g) Á miðsvæði Arnarstapa var farið í töluverð jarðvegsskipti og malbik lagt á svæðið frá Arnarbæ að gamla félagsheimilinu. Malbik var lagt á planið hjá matarvögunum.
- h) Tröppur sem liggja frá íþróttarhúsinu í Ólafsvík í átt að grunnskólanum voru lagfærðar en sig hafði myndast í þeim í gegnum árin.
- i) Unnið er að endurbótum á eldri hluta Jaðars. Verkið felur í sér háþrýstipvott, múrviðgerðir og málun á eldri hluta stofnunarinnar. Verkið er í vinnslu og eru verklok áætluð á næstu vikum.
- j) Hafnar eru framkvæmdir á nýju torgi á Hellissandi, milli Gilbakka og Þjóðvegjar. Torgið verður hellulagt og steipt að hluta. Einnig verður settur niður gróður og bekkir við torgið.
- k) Til stendur að setja niður nýja körfuboltavelli við grunnskólann á Hellissandi og í Ólafsvík. Búið er að undirbúa plan undir vellina og byrjað verður að setja þá upp á næstu dögum, en þeir eiga að koma til landsins í þessari viku.
- l) Klárað var að malbika göngustíg sem liggur samsíða grjóttgarðinum við Keflavíkurgötu.
- m) Auk ofantalinna verkefna voru unnin þessi daglegu störf innan tæknideildarinnar eins og útsetning lóða, útgáfa byggingarleyfa, úttektir á byggingum, skipulagsmál, sorphirða, vinnuskólinn og önnur þjónusta við stofnanir og íbúar bæjarins.
- n) Eftirtaldir götur voru malbikaðar í sumar: Naustabúð og gatan heim að Hellu á Hellissandi. Malbikuð var Hafnargatan í Rífi við Frystiklefann. Vallholt, efri hluti Grundarbrautar, Skipholt og hluti af Engihlíð voru malbikaðar í Ólafsvík. Plön voru malbikuð á Arnarstapa á miðsvæði og við matarvagna. Malbikað var undir körfuboltavelli bæði á Hellissandi og í Ólafsvík. Settar voru upp festingar fyrir körfuboltaspiöldin, en vellirnir eru í pöntun og eru væntanlegir mjög fljótlega.
- o) Á veginn frá flugvallarafleggjaranum í Rífi hálfa leið að malarnámunum var sett slitlag. Fyrir því fékkst styrkur frá Vegagerðinni að hluta.
- p) Unnið var við frágang við listaverkið “Valurinn” fyrir framan Tröð á Hellissandi og verður formleg vígsla bráðlega.
- q) Nýtt útilistaverk, “Frelsisleið” var sett upp í Krossavík á Hellissandi og var það vígt í ágúst.

Næsti fundur verður þriðjudaginn 7. október kl. 09:00.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 10:20

Kristinn Jónsson
Þórunn Arnaldsson

Arnar Jónsson
Baldur Jónsson *Ólafur Jónsson*

Valgerður Kristmannsdóttir
Smári J. Lárusson
Matthías Páll Gunnarsson

Vagn Ingólfsson

Öldungaráð Snæfellsbæjar

Fundur no 21 frá upphafi:

**Fundur í Öldungaráði Snæfellsbæja haldin í Höllinni í Ólafsvík
þriðjudaginn 9. september 2025 kl 14,00**

Mætt voru Ólafur Hlynur Steingrímsson formaður, Margrét Vigfúsdóttir, Svanhildur Pálsdóttir, Ragnheiður Víglundsdóttir og Pétur Steinar Jóhannsson ritaði fundargerð.

Ólafur formaður setti fund og stýrði og bauð fundarmenn velkomna.

Mál 1: Umræður um fund í Klifi á vegum Alsheimer samtakana í ágúst sl.

Fundarmenn ræddu um fundinn og það sem kom þar fram. Einnig var rætt um hvernig staðan væri hér í Snæfellsbæ. Aukin umræða er um þessi mál og hvernig væri staðið að því að ná til eldra fólks sem væri eitt heima bæði hvað varðar veikindi sem og heimilisaðstoð. Til að fá betri upplýsingar var ákveðið að fá Brynju Mjöll Ólafsdóttur starfsmann Félags og skólaskrifstofu Snæfellsbæjar til að koma á næsta fund Öldungaráðs og fara yfir þessi mál.

Mál 2: Um það sem betur mætti fara varðandi aðgengi að ákveðnum stöðum í bæjarfélaginu.

Eftir ábendingu frá fólki í okkar aldurshópi voru tvö mál sem fundarmenn voru sammála um að vekja athygli á. Nánast engin lýsing er við inngang eldhúsmeginn í Félagsheimilinu Klifi sem getur skapað hættu. Þá var rætt um „skólabrúna“, sem liggur yfir gilið, þ.e. á milli Grundarbrautar og Kirkjutúns. Grundarbrautar megin er engin lýsing og ekki heldur við gangbraut yfir Kirkjutúnið. Vafalaust eru fleiri staðir í bæjarfélaginu sam þarfnast skoðunar að þessu leiti, sem Öldungaráð hefur ekki fengið ábendingar um.

Ólafur formaður tók að sér að skrifa bréf og senda á bæjarstjóra og vekja athygli á framangreindum atriðum.

Mál 3: Um leiktæki í Höllina. Ólafur formaður sagði frá samtali sínu við Kristfríði Stefánsdóttur íþrótta og æskulýðsfulltrúa. Hún bauð fram erindi um næringu fyrir eldri borgara. Þá sagði hún að Félag eldri borgara og/eða stjórn Hallarinnar mætti hafa samband við sig ef það vantaði „leiktæki“ en hún væri með fjárveitingu sem stæði til boða. Var henni bent á að hafa samband við fyrrnefndra aðila.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl 14,40.

Fundargerð ritaði Pétur Steinar Jóhannsson

Fundargerð Ungmennaráðs Snæfellsbæjar

Dagsetning: 3. september 2025

Tími: 18:30–19:30

Staður: Félagsheimilið Röst Hellissandi

Mætt: Arnar Valur Mattíasson, Emelía Hall Stígisdóttir, Kristján Mar Yilong Traustason og Adrian Pienkowski

Forföll: Hanna Líf Kristgeirsdóttir og Hrefna Jónsdóttir

Ritari: Halldóra Kristín Unnarsdóttir

Dagskrá

1. Hvað er ungmennaráð?
2. Kosning í stjórn
3. Ungt fólk og lýðræði
4. Ráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga
5. Noregsferð Ungmennaráðs Vesturlands
6. Hvernig getum við verið sýnileg?
7. Annað

1. Hvað er ungmennaráð?

Ungmennaráð sveitarfélaga er vettvangur þar sem ungt fólk fær að hafa áhrif á samfélagið sitt. Ráðið er skipað ungmennum sem hittast reglulega, ræða málefni sem varða þau og koma tillögum á framfæri við sveitarstjórn.

Hlutverk ráðsins er að vera rödd ungmenna, stuðla að lýðræðislegri þátttöku og vinna að bættum lífsgæðum barna og ungmenna í sveitarfélaginu.

Af ungmennaráði er ætlast að það:

- haldi fundi og taki þátt í ákvörðunartöku,
- vinni með sveitarstjórn og nefndum,
- hlusti á og tali fyrir hagsmunum annarra ungmenna,
- stuðli að jákvæðum breytingum í samfélaginu.

2. Kosning í stjórn

Eftirfarandi voru kjörin í stjórn:

- **Formaður:** Arnar Valur Mattíasson
- **Varaformaður:** Emelía Hall Stígisdóttir
- **Ritari:** Kristján Mar Yilong Traustason
- **Vararitari:** Hanna Líf Kristgeirsdóttir
- **Meðstjórnendur:** Hrefna Jónsdóttir og Adrian Pienkowski

3. Ungt fólk og lýðræði

Kynnt var lýðræðisverkefnið *Ungt fólk og lýðræði á vegum UMFÍ*. Markmið þess er að efla ungt fólk til áhrifa og þátttöku í samfélaginu. Verkefnið felst í að:

- fræða ungt fólk um lýðræði og áhrif þess,
- skapa vettvang til þátttöku og ákvarðanatöku,
- styðja sveitarfélög og samtök við að virkja rödd ungs fólks,
- tengja ungt fólk við ákvarðanatökuvald.

Ráðstefnan fer fram 12.–14. september. Enginn úr ráðinu getur mætt að þessu sinni.

4. Ráðstefna Sambands íslenskra sveitarfélaga

Rætt var um ráðstefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga sem haldin verður 5. desember á Hilton hóteli í Reykjavík. Þar munu ungmennaráð og umsjónarmenn hittast, fræðast og ræða mikilvægar áskoranir og málefni.

5. Noregsferð Ungmennaráðs Vesturlands

Ungmennaráð Vesturlands fer í ferð til Kristianssand í Noregi dagana 17.–24. september. Fulltrúar Snæfellsbæjar eru Hrefna Jónsdóttir og Emelía Hall Stígsdóttir. Með þeim fer Marel Arín, starfsmaður félagsmiðstöðvarinnar og fulltrúi ungmenna.

6. Hvernig getum við verið sýnileg?

Rætt var hvernig ráðið getur náð betur til ungmenna í sveitarfélaginu. Niðurstaðan var að nýta samfélagsmiðla og félagsmiðstöðvar sem vettvang. Ákveðið var að stofna Instagram-aðgang fyrir ráðið og hefja herferð til að auka sýnileika í Snæfellsbæ.

7. Annað

- Farið var yfir hugmyndir að framtíðaviðburðum.
- Ákveðið var að funda mánaðarlega, fyrsta miðvikudag í hverjum mánuði.

Ritari fundarins:

Halldóra Kristín Unnarsdóttir

Fræðslunefndarfundur

22. September 2025 klukkan 17:00

Mæting: Sigrún Erla, Margrét Sif, Dagbjört Dúna og Jón Kristinn.

Aðrir: Hermína, Linda, Þórey, Lilja Stefáns, Guðni, Kristín Helga og Gunnþór frá Ásgarði

Fundargerð

Þetta er fyrsti fræðslunefndarfundurinn undir leiðsögn frá Ásgarði sem er stuðningur við nefndina og gekk fundurinn virkilega vel. Óskað var eftir því að fá aðkomu Ásgarðs til þess að koma á skipulagi fyrir fræðslunefndarfundina til þess að halda utan um faglegan þátt nefndarinnar, sjá eftir hvaða gögnum og fleira við eigum að kalla eftir frá skólum Snæfellsbæjar.

Leikskólinn:

- Stjórnendur voru tilbúnir með starfsáætlun og kynntu okkur aðeins fyrir innra mati sem unnið var með í vor í samstarfi við Ásgarð
- Alls eru 81 nemendur og von er á 5-6 nemendum inn um áramót.
- Enginn biðlisti
- Vantar einn starfsmann í afleysingar annars eru starfsmannamálin góð.
- Búið er að vinna langtímaáætlun til næstu 5 ára.
- Stefnt er að því að hafa starfsmanna og foreldrakönnun í samræmi við innra matið.
- Talað var um að árgangur 2024 sé stór eða um 26 nemendur.
- Talað var um fjárhagsáætlun fyrir 2026.
- Stjórnendur tala um að búið sé að biðja oft um sömu hlutina frá ári til árs í fjárhagsáætlun. Sem dæmi var talað um að skipta út gúmmí hellum á lóðinni og fara þarf í allsherjar skipulagsbreytingar í eldhúsinu þar sem það er of lítið og aðstaðan ekki

nægileg góð, meðal annars vantar vask og fleira í Ólafsvík. Á Kríubóli er stéttin fyrir utan sprungin og hættuleg.

Tónlistarskólinn:

- 74 nemendur og það er biðlisti.
- 4 kennarar og það gengur vel
- Tekið var í notkun rými í tónlistarskólabyggingunni sem gerði það að verkum að þau geti útbúið tónfræðikennslustofu og geti gert geymslu fyrir hljóðfæri.
- Maí síðastliðinn voru tveir nemendur sem tóku grunnstigspróf.
- Tónlistarskólinn starfar í Ólafsvík, Hellissandi og á Lýsuhól. Þau hafa gert breytingar að það er ekki lengur tónlistarkennari sem heimsækir leikskólana heldur ætla þau að skipuleggja heimsókn þar sem leikskólinn má koma í tónlistarskólann.
- Nokkrir nemendur eru í lúðrasveit og það er samstarf á Snæfellsnesi milli tónlistarskólanna.
- Það er búið að gera áætlun út árið: 3 tónfundir og jólatónleikar.
- Gunnþór spurði hvort það væru gerðar kannanir meðal foreldra og starfsmanna, það væri gott ef það væri hægt að framkvæma slíkt og nota í innra mat.

Grunnskólinn:

- Fjárhagsáætlun í vinnslu, stærsta málið í þeim lið er eldhúsið í Ólafsvík.
- Heilbrigðiseftirlitið kom á Lýsuhól og settu út á leiksvæðið sem virðist ekki vera í góðu standi.
- Leiktækin á Hellissandi eru ekki í góðu standi.

- Skólaárið fer vel af stað, Lilja er á fullu að koma sér inn í nýtt starf innan skólans sem skólastjóri og á sama tíma er hún að koma nýjum aðstoðarskólastjóra inn í sitt starf.
- Starfsáætlunin er á sínum stað og til staðar.
- Það er 67 starfsmenn og samtals 217 nemendur á þremur starfsstöðvum
- Starfsmannakönnun var lögð fyrir síðasta vetur og kom hún almennt vel út og 80% þátttaka.
- Áherslan þennan vetur er á lestur, samskipti og líðan.
- Skólinn hefur innleitt App sem heitir Læsir og heldur utan um skóla og heimalestur nemenda.
- Gunnþór talaði um að gott væri að hafa skýrari ársáætlun og setja svo viðmið um árangur hverju sinni.

Annað:

- Stjórnendur kalla eftir menntastefnu þar sem núverandi menntastefna Snæfellsbæjar er síðan 2010 og hún er orðin úreld.
- Stjórnendur kalla eftir frekari samráði milli bæjarins og þeirra hvað varðar ákvarðanir sem varaða skólana og framkvæmdir.
- Forgangsöröðun er eitthvað sem þarf að horfa til og framkvæmdaáætlanir hvernar stofnunar til nokkurra ára þurfa að vera til staðar svo hægt sé að gera stjórnendum og foreldrum grein fyrir því hvað liggur fyrir og minnka þannig óvissu um framkvæmdir og viðhald.

Fundi slitið 18:45



BREIÐAFJARÐARNEFND

234. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 13. júní 2025, á Teams

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Arnheiður Jónsdóttir og varamaður hennar.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 10.00.

1. Fundargerð 233. fundar Breiðafjarðarnefndar

Fundargerð 233. fundar nefndarinnar, sem var haldinn á Teams 23. maí 2025.

Afgreiðsla:

Fundargerð lesin upp og samþykkt.

2. Umsögn vegna aðalskipulagsbreytingar í Reykhólahrepp - Flatey á Breiðafirði

Breiðafjarðarnefnd fékk beiðni um umsögn frá skipulagsfulltrúa Reykhólahrepps, þar sem óskað er eftir álit nefndarinnar á fyrirhuguðu aðalskipulagsbreytingu. Fyrirhugað er að skrá þorpið í Flatey sem íbúðarbyggð.

Afgreiðsla:

Breiðafjarðarnefnd ræddi skipulagstillöguna. Starfsmaður nefndarinnar mun vinna drög að umsögn í samræmi við umræður á fundinum og senda nefndarfólki til staðfestingar áður en umsögnin verður send.

3. Skráning örnefna á Breiðafirði – staða verkefnis

Breiðafjarðarnefnd og Náttúrufræðistofnun Íslands, nú Náttúrufræðistofnun, hafa til margra ára unnið að samvinnuverkefni um skráningu örnefna í Breiðafirði. Verkefnið hefur verið í umsjón Þorvalds Þórs Björnssonar.

Nýlega barst Breiðafjarðarnefnd samantekt um framgang verkefnisins árið 2024 ásamt beiðni um að halda því áfram árið 2025. Á árinu 2024 voru skráð örnefni eyja, hólma og skerja á svæðinu frá Teigsskógi í Þorskafirði að Brjánslæk og Seftjörn. Auk þess var bætt við nokkrum sérnöfnum á eyjum og hólum sem tilheyra Heinabergi á Skarðströnd, einnig við bæinn Bæ í Reykhólasveit. Samtals voru skráð alls 2873 örnefni og hafa þau öll verið skráð í örnefnagrunn Náttúrufræðistofnunar og birt í kortasjá <https://ornefnasja.natt.is/>. Á árinu 2025 er gert ráð fyrir að skrá örnefni og varpfugla í eyjum og skerjum frá Brjánslæk út á Rauðasand. Þar fyrir utan eru viðbætur á nokkrum svæðum

Afgreiðsla:



BREIÐAFJARÐARNEFND

Lagt fram til kynningar niðurstöður verkefnavinnu 2024.

Breiðafjarðarnefnd ræddi í kjölfarið möguleika á framhaldsvinnu með hliðsjón af fjárhagsstöðu ársins 2025. Starfsmaður nefndarinnar mun setja sig í samband við Náttúrufræðisstofnun til að vinna að framgangi verkefnis á næsta ári, þar sem fyrirhugað er að ljúka því.

4. Vettvangsferð Breiðafjarðarnefndar 2025

Breiðafjarðarnefnd er að undirbúa vettvangsferð árs 2025.

Afgreiðsla:

Nefndin ræddi vettvangsferðina og lagði hönd á áætlun um ferðina. Ferðin verður farið um Breiðafjarðareyjar þann 4. júlí 2025.

5. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í Flatey í vettvangsferð þann 4. júlí.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 11.15.



BREIÐAFJARÐARNEFND

235. fundur Breiðafjarðarnefndar, haldinn 4. júlí 2025, á Hótel Flatey

Mætt frá Breiðafjarðarnefnd: Erla Friðriksdóttir formaður, Valdís Einarsdóttir, Magnús A. Sigurðsson, Arnar Kristjánsson, Karl Kristjánsson, Arnheiður Jónsdóttir og Sunna Björk Ragnarsdóttir.

Forföll: Guðríður Þorvarðardóttir, varaformaður.

Mætt frá umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytinu: Jóhann Páll Jóhannsson, ráðherra, Björn Helgi Barkarson og Steinar Kaldal.

Fundarritari: Jakob Stakowski.

Formaður setti fund kl. 16.15.

1. Framtíð Breiðafjarðar

Breiðafjarðarnefnd og umhverfis-, orku- og loftslagsráðherra ræddu framgang verkefnis um framtíð Breiðafjarðar sem Breiðafjarðarnefnd hefur haft að leiðarljósi í sínu starfi síðan 2019.

Nefndin og ráðherra átti fund í apríl 2025 þar sem næstu skref verkefnis voru rædd og á þessum fundi var haldið áfram að huga að framtíðar lausnum fyrir skilvirkari vernd Breiðafjarðarsvæðisins.

Afgreiðsla:

Eftir að hafa fundað tvisvar með ráðherra um málefni er ljóst að vinna þarf verkefnið áfram á staðbundnum vettvangi þar sem sveitarfélögin og Breiðafjarðarnefnd komi saman til að vinna saman að framtíðar vernd Breiðafjarðarsvæðis. Bæði ráðuneytið og Breiðafjarðarnefnd eru sammála um að frumkvæði að skilvirkari vernd Breiðafjarðar ætti að koma frá sveitarfélögum og sátt náist um málefnið áður en ráðuneyti taki afstöðu til þess.

2. Hraunsfjörður

Breiðafjarðarnefnd hefur fjallað um mögulega endurheimt Hraunsfjarðar, sem var stíflaður á 9. áratug 20. aldar. Lesa má nánar um hugmyndir Breiðafjarðarnefndar hér. Nefndin hefur unnið áætluð í samvinnu við landeigendur um framgang verkefnis og er í samskiptum við umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytið til að vinna verkefnið áfram. Nýlega hefur verið gert samkomulag við fagaðila til kanna og greina undirbúningsvinnu sem þarf áður en hægt sé að taka upplýsta ákvörðun um hagkvæmni endurheimtar Hraunsfjarðar.

Afgreiðsla:

Nefndin kynnti fyrir ráðherra stöðu verkefnis og í kjölfarið var rædd um framhald þess.

3. Önnur mál

Engin önnur mál voru rædd.



BREIÐAFJARÐARNEFND

Næsti fundur Breiðafjarðarnefndar verður staðfundur í ágúst en nákvæm tímasetning verður ákveðið síðar.

Fleira ekki gert og fundi slitið kl. 17.15.

Fulgild rafraen undirskrift

ÞORSTEINN NARFASON

Kennitala: 200366-5069

2025-09-20 10:31:53 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

KRISTINN HALLUR SVEINSSON

Kennitala: 210572-5979

2025-09-20 10:32:15 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

SKÚLI HREINN GUÐBJÖRNSSON

Kennitala: 240165-3179

2025-09-20 10:48:26 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

INGA MARÍA SIGURDARDÓTTIR

Kennitala: 010388-3099

2025-09-20 10:51:00 GMT

Ástæða: Undirskrift

Fulgild rafraen undirskrift

BJARNI SIGURBJÖRNSSON

Kennitala: 021262-3079

2025-09-22 09:43:42 GMT

Ástæða: Undirskrift



Heilbrigðiseftirlit
Vesturlands

197. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Fundurinn var haldinn á Teams fimmtudaginn 18. september 2025 og hófst hann kl. 17.00.

Mættir: Kristinn Hallur Sveinsson, Inga María Sigurðardóttir, Bjarni Sigurbjörnsson, Skúli Hreinn Guðbjörnsson. Auður Kjartansdóttir boðaði forföll.

Dagskrá:

1. Mál. Endurskoðun fyrirkomulags eftirlitskerfis með hollustuháttum og mengunarvörnum og matvælum máls S-19/2025 í Samráðsgátt stjórnvalda.

Lögð fram drög að umsögn Heilbrigðisnefndar Vesturlands.

Samþykkt að senda umsögnina í Samráðsgátt.

2. Önnur mál

Upplýst að Sigríður Klara Árnadóttir, matvælafræðingur hefur verið ráðinn heilbrigðisfulltrúi og tekur hún til starfa 1. október 2025.

Fundi slitið 17.30

19. september 2025

Heilbrigðisnefnd Vesturlands leggst gegn fyrirætlunum sem kynntar eru af hálfu ráðherra Umhverfis- orku- og loftslagsráðuneytis og Atvinnuvegaráðuneytis og eru til umsagnar í Samráðsgátt, Mál nr. S-160/2025. Áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum. Breytingarnar fela í sér að reglubundið eftirlit sem heyrir undir heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga myndi færast undir tvær ríkisstofnanir. Allt matvælaeftirlit yrði á forræði MAST og eftirlit vegna hollustuhátta og mengunarvarna á forræði UOS. Ekki er fyrir séð hvað verður um önnur verkefni sem Heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinnir og eru skilgreind í fjölmörgum lögum og reglugerðum.

Þessi ákvörðun myndi með fela í sér að eftirlit sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinnir í einni eftirlitsferð myndi verða á forræði tveggja stofnanna og því líklega fela í sér helmingshækkun eftirlitsgjalda. Þessi hækkun myndi að stórum hluta lenda á sveitarfélögum sem reka skóla og leikskóla en á einnig við um staði þar sem seldur er og framleiddur matur. Alls staðar þyrftu tvær ríkisstofnanir að koma að eftirliti þar sem heilbrigðiseftirlitið sinni því í einni eftirlitsferð.

Önnur verkefni sem heilbrigðiseftirlit sveitarfélaga sinnir en ekki er fjallað um í tillögunum eru sem dæmi; loftgæðamál, hávaðamál, loftmengunarmál, mál er tengjast menguðum jarðvegi, vatnaáætlunum, kvörtunum íbúa, umgengnismálum og heilsuspillandi húsnæði. Fara þarf fram heildarendurskoðun á öllu kerfinu ef það á að umbylta því en ekki bara hluta.

Flutningur verkefna frá sveitarfélögum til ríkisins hefur yfirleitt hækkað heildarkostnað, þá liggur fyrir að heilbrigðiseftirlitin, heilbrigðisnefndir og mörg sveitarfélög hafa gert alvarlegar athugasemdir við málið á fyrri stigum og bent á eftirfarandi:

- Það vantar betri rökstuðning og greiningu á málinu og skortir skilning á hlutverki og starfsemi Heilbrigðiseftirlita sveitarfélaga.



Heilbrigðiseftirlit Vesturlands

- Áhersla er á að minnka álögur á fyrirtæki og rekstraraðila, en ekki á hagsmuni íbúa
- Horft er til markmiðs laga um hollustuhætti og mengunarvarnir og laga um matvæli um að búa landsmönnum heilnæm lífsskilyrði, og heilnæmt, ómengað umhverfi og örugg matvæli.
- Líklegt að þjónusta fjær íbúum rýri gæði þjónustu við íbúa
- Aukin fjarlægð heilbrigðiseftirlits frá skrifstofum sveitarfélaga, embættum byggingar- og skipulagsfulltrúa, og framkvæmda á vegum sveitarfélaganna mun líklega hafa í för með sér lengri boðleiðir, minna samráð og gæti þannig minnkað gæði þjónustu.
- Aðeins er rætt um flutning á eftirliti sem gefa tekjur, ekki önnur lögbundin verkefni án tekjustofna, eins og umsagnir, ráðgjöf, þjónustu við íbúa, umgengni á lóðum og lendum, umhverfiseftirlit og vöktun á loftgæðum, hávaða og vatnsgæðum
- Hugmyndir hafa ekki verið kynntar fyrir sveitarfélögunum nægilega vel og samráði ábótavant

Í ljósi þess er nauðsynlegt er að gera óháða kostnaðar- og hagsmunagreiningu áður en haldið er lengra

Í formlegu áminningarbréfi ESA er bent á að skorti á samræmingu og gagnsæi í yfirstjórn og framkvæmd eftirlits, gagnrýni þeirra snýr ekki að því að heilbrigðiseftirlitssvæðin sinni ekki hlutverki sínu. Í bréfi ESA er séstaklega fjallað um að eftirlitsstofnunin telji ekki þörf á að breyta fyrirkomulagi eftirlits heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga heldur þurfi að bæta samræmingu af hálfu ríkisins. Samræmingarhlutverk MAST og UOS er þegar skilgreint í lögum en hefur ekki verið sinnt af ríkinu af fullum þunga. Þrátt fyrir það vinnur heilbrigðiseftirlitið þétt með Matvælastofnun og Umhverfis- og orkustofnun og fylgir þeirra leiðbeiningum og fyrirmælum.

Að mati nefndarinnar er skynsamleg leið til úrbóta að efla samræmingarhlutverk Umhverfis- og orkustofnunar og Matvælastofnunar með skýru boðvaldi og nægu fjármagni, að einfalda regluverk og tryggja virkt samráð við heilbrigðiseftirlitin um innleiðingu nýrra laga og reglugerða. Auk þess að byggja upp samræmd upplýsingakerfi og gagnagrunna sem auka gagnsæi og uppfylla kröfur ESA.

Einnig þarf að vinna markvisst að því að samræma verklag, gátlista, gjaldskrár og þjálfun starfsfólks um land allt. Það er mat nefndarinnar að með þessum leiðum verði markmið um samræmt, gagnsætt og skilvirkt eftirlit best náð, án þess að gjörbylta kerfinu með tilheyrandi kostnaði, óvissu og skertri þjónustu við íbúa og atvinnulíf.

Heilbrigðisnefnd telur að boðaður innleiðingartími sé óraunhæfur í ljósi þess að það vantar bæði kerfi og ferla og fjármögnun á þeim þá hafa sambærileg stafrænt verkefni tafist verulega og ekki virkað sem skyldi.

Það er mat nefndarinnar að ljúka þarf heildstæðri kostnaðar og áhrifagreiningu hvað varðar ríki, sveitarfélög, atvinnulíf og íbúa áður en lagabreytingar er lagðar fram. Þá er kallað eftir því að fullt samráð verði haft við alla hagsmunaaðila.

Heilbrigðisnefnd Vesturlands tekur undir þær athugasemdir og tillögur sem Samtök heilbrigðiseftirlitssvæða á Íslandi hafa sent inn í samráðsgátt vegna þessa máls.

Ofangreind umsögn var samþykkt á 197. fundi Heilbrigðisnefndar Vesturlands haldinn þann 18. september 2025.

Fundargerð 983. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 29. ágúst kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hildur Rós Guðbjargardóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Ásgerður Kristín Gylfadóttir.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Walter Fannar Kristjánsson boðaði forföll, varamaður hans Ásgerður Kristín Gylfadóttir mætir í hans stað. Anna Sigríður Guðnadóttir boðaði forföll, varamaður hennar Hildur Rós Guðbjargardóttir mætir í hennar stað.

Í byrjun fundar bauð formaður Hildi Rós Guðbjargardóttur velkomna á sinn fyrsta fund í stjórn Sambandsins.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerðir 981. og 982. fundar - 2410016SA

Lagðar fram til kynningar fundargerðir 981. og 982. fundar stjórnar Sambandsins frá 13. og 16. júní 2025, sem undirritaðar hafa verið með rafrænum hætti.

2. Menntunar- og velferðarnefnd Sambandsins - 2412009SA

Lögð fram fundargerð 5. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 27. ágúst 2025.

Stjórn Samband íslenskra sveitarfélaga lýsir yfir áhyggjum af áformum um breytingar á innflytjendalögum. Í áformunum skortir alla áherslu og heildarsýn á þjónustu og inngildingu flóttafólks og mikil óvissa er uppi varðandi þá þjónustu sem sveitarfélögin munu halda áfram að sinna. Auk þess lýsir stjórn yfir miklum áhyggjum af þjónustu við börn og fjölskyldur og þeim áhrifum sem breytingarnar munu hafa í för með sér fyrir þann hóp enda hafa sveitarfélögin mikla sérþekkingu á þjónustu í nærumhverfinu. Jafnframt gerir stjórn athugasemdir við skort á samráði við Sambandið og sveitarfélögin við vinnslu áformanna og leggur áherslu á að málið verði unnið áfram í opnu samtali við Sambandið og sveitarfélögin í samvinnu við ráðuneytið til að tryggja farsæla niðurstöðu.

3. Kjarasamningur - 2406015SA

Lagt fram samkomulag milli samninganefndar Sambands íslenskra sveitarfélaga, og Landssambands slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna

stjórnenda slökkviliða, og Sjúkraliðafélags Íslands, dags. 10. og 11. júní 2025, um breytingar og framlengingu á kjarasamningi aðila.

Stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga staðfestir samhljóða fyrirbyggjandi kjarasamning við Landssamband slökkviliðs- og sjúkraflutningamanna vegna stjórnenda slökkviliða og Sjúkraliðafélag Íslands.

4. Drög að samningastefnu Sambandsins í Virðismatsvegferð Sambandsins, ríkisins og KÍ - 2406015SA

Lagt fram sem trúnaðarmál minnisblað samninganefndar sveitarfélaga og stjórnarsýslusviðs Sambandsins, dags. 26. ágúst 2025, um drög að samningastefnu Sambands íslenskra sveitarfélaga í Virðismatsvegferð Sambandsins, ríkisins og KÍ 2025-2028. Jafnframt lagt fram erindi frá Jafnlaunastofu, dags. 21. ágúst 2025, um fjármál virðismatsverkefnis kennara.

Stjórn samþykkir samningastefnu sem kynnt var á fundinum. Jafnframt samþykkir stjórn kostnað vegna virðismatsverkefnis kennara upp á 29 m.kr. sem ekki var gert ráð fyrir í fjárhagsáætlun ársins 2025. Heildarkostnaður Sambandsins við verkefnið er áætlaður 40 m.kr. Sveitarfélögin taka þátt í kostnaði m.v. stöðugildi.

5. Drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga - 2504012SA

Pórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins, kynnti drög að dagskrá fjármálaráðstefnu sveitarfélaga 2025.

Stjórn samþykkir fyrirbyggjandi drög að dagskrá og felur starfsfólki að halda áfram undirbúningi.

6. Sveitarstjórnarkosningar 2026 - 2508015SA

Lögð fram tillaga að átaksverkefni fyrir sveitarstjórnarkosningar 2026 sem ber vinnuheimtið Hafðu áhrif - taktu þát.

Stjórn samþykkir tillögu um átaksverkefni vegna sveitarstjórnarkosninga enda er um mikilvægt og þarft verkefni að ræða.

7. Samkomulag um stafræn mál og gögn við Mennta- og barnamálaráðuneytið - 2507008SA

Lagt fram til kynningar samkomulag Sambandsins og mennta- og barnamálaráðuneytisins um samstarf og öflun nýtingu gagna og stafræna framþróun hins opinbera í málefnum barna.

Stjórn samþykkir samkomulagið og fagnar þessu mikilvæga skrefi í stafrænu samstarfi á sviði fræðslumála, stærsta málaflokks sveitarfélaga. Með samkomulaginu er stigið mikilvægt skref í átt að betri yfirsýn yfir aðstæður barna og þjónustupörf þeirra, auk samþættingar stafrænnar vegferðar og gagnainnviða þvert á stjórnarsýslustig. Markmiðið er að tryggja farsæld barna, skynsamlega nýtingu fjármuna og fjárfestinga, með traustum gagnainnvíðum og mælanlegum markmiðum til hagsbóta fyrir börn. Vonandi er þetta fyrsta skrefið í aukinni samvinnu ríkis og sveitarfélaga í stafrænum málum.

8. TMF Tölvumiðstöð - ósk um viðbótarfjármögnun - 2508019SA

Lagt fram bréf stjórnar TMF Tölvumiðstöðvar til Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga, dags. 21. maí 2025, þar sem leitað er eftir viðbótarfjármögnun á því sem samsvarar einu stöðugildi til þess að mæta stórauðnum kröfum um stafræna færni fólks með fötlun.

Stjórn felur félagsþjónustufulltrúa og yfirlögfræðingi Sambandsins að skoða málið og eiga fund með ráðgjafanefnd Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga.

9. Stýrihópur um stafræn verkefni, tæknilegir staðlar og gagnainnvíðir - 2508036SA

Lögð fram tillaga að tilnefningu í stýrihóp um stafræn verkfæri, tæknilega staðla og gagnainnvíði.

Stjórn samþykkir að tilnefna Þórdísi Sveinsdóttur sviðsstjóra þróunarsviðs Sambandsins og Óskar Jörgen Sandholt sviðsstjóra þjónustu- og nýsköpunarsviðs Reykjavíkurborgar.

10. Tilnefning í húsafriðunarnefnd - 2503027SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 24. júní 2025, þar sem Anna Sigríður Guðnadóttir, bæjarfulltrúi í Mosfellsbæ og stjórnarmaður hjá Sambandinu, er tilnefnd sem aðalfulltrúi í húsafriðunarnefnd.

11. Tilnefning í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám - 2502005SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 27. júní 2025, þar sem Aino Freyja Järvela, verkefnastjóri Tónlistarmála hjá Reykjavíkurborg, er tilnefnd í samráðsnefnd um framkvæmd samkomulags um stuðning við tónlistarnám.

12. Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði - 2506004SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 27. júní 2025, þar sem Dagmar Ýr Stefánsdóttir, sveitarstjóri Múlaþings, er tilnefnd sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Austfirði, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, til vara.

13. Tilnefning í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði - 2506004SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 14. júlí 2025, þar sem Aðalsteinn Óskarsson, sviðsstjóri byggðamála hjá Vestfjarðastofu, eru tilnefndur sem aðalmaður í svæðisráð um strandsvæðisskipulag fyrir Vestfirði, og Sigríður Ó. Kristjánsdóttir, framkvæmdastjóri Vestfjarðastofu, til vara.

14. Tilnefning í samgönguráð - 2506019SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 14. júlí 2025, þar sem Arnar Þór Sævarsson, framkvæmdastjóri Sambandsins, eru

tilnefndur sem aðalmaður í samgönguráð, og Valgerður Rún Benediktsdóttir, yfirlögfræðingur Sambandsins, til vara.

15. **Tilnefning í stýrihóp um endurskoðun byggingarreglugerðar - 2504005SA**
Lögð fram til kynningar tilnefning Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd í stýrihóp um endurskoðun byggingarreglugerðar.
16. **Tilnefning í stýrihóp um endurskoðun regluverks um reikningsskil sveitarfélaga - 2504024SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 2. maí 2025, þar sem Þórdís Sveinsdóttir, sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins, Helgi Aðalsteinsson, rekstrarhagfræðingur á þróunarsviði Sambandsins, og Jóhannes Á. Jóhannesson, sérfræðingur á þróunarsviði Sambandsins, eru tilnefnd í stýrihóp um endurskoðun regluverks um reikningsskil sveitarfélaga.
17. **Tilnefning í ráðgjafanefnd Mannréttindastofnunar Íslands - 2507007SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til Mannréttindastofnun Íslands, dags. 3. júlí 2025, þar sem Helga María Pálsdóttir, sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins, er tilnefnd í ráðgjafanefnd Mannréttindastofnunar Íslands.
18. **Endurskipan samráðshóps um fráveitur - 2506014SA**
Lögð fram til kynningar tilnefning Sambandsins til umhverfis-, orku og loftslagsráðuneytisins, þar sem Páll Björgvin Guðmundsson, framkvæmdastjóri Samtaka sveitarfélaga á höfuðborgarsvæðinu, og Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, eru tilnefnd í samráðshóp um fráveitur.
19. **Umsögn um áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga - skattlagning orkumannvirkja - 2505018SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til innviðaráðuneytisins, dags. 2. júní 2025, um áform um endurskoðun laga um tekjustofna sveitarfélaga (skattlagning orkumannvirkja), mál nr. S-89/2025.
20. **Umsögn um áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda - 2508006SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 18. ágúst 2025, um áform um frumvarp til laga um málefni innflytjenda, mál nr. S-123/2025.
21. **Umsögn um drög að stefnu um líffræðilega fjölbreytni - 2508014SA**
Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 20. ágúst 2025, um drög að stefnu um líffræðilega fjölbreytni, mál nr. S-106/2025.

Fundi var slitið kl. 15:05

Fundargerð 984. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 12. september kl. 08:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Nanný Arna Guðmundsdóttir, Freyr Antonsson, Margrét Ólöf A. Sanders og Walter Fannar Kristjánsson.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 983. fundar - 2509141SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 983. fundar stjórnar Sambandsins frá 29. ágúst 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

Athygli er vakin á því að í lið 4 var bókað að áætlaður kostnaður sveitarfélaga við virðismatsvegferðina væri 40 m.kr. á ársgrunni. Jafnlaunastofa gerði ráð fyrir að kostnaðarskiptingin yrði 2/3 hjá sveitarfélögunum og 1/3 hjá ríki. Frá seinasta stjórnarfundinum er komið í ljós að kostnaðarskiptingin er 86% sveitarfélög og 14% ríki sem miðast við fjölda stöðugilda sem falla undir virðismatsvegferðina. Heildarkostnaður sveitarfélaga er áætlaður 88,6 m.kr. m.v. þá áætlun sem liggur fyrir. Á árinu 2025 er kostnaður sveitarfélaga um 36,9 m.kr.

2. Menntunar- og velferðarnefnd - 2509140SA

Lagðar fram fundargerðir 3. og 4. fundar menntunar- og velferðarnefndar Sambandsins frá 21. maí og 12. júní 2025.

3. Stafrænt ráð sveitarfélaga - 2509327SA

Lagðar fram fundargerðir 38. og 39. fundar stafræns ráðs sveitarfélaga frá 18. júní og 27. ágúst 2025.

4. Umhverfis- og innviðanefnd - 2509148SA

Lagðar fram fundargerðir 2., 3. og 4. fundar umhverfis- og innviðanefndar Sambandsins frá 3. og 24. júní og 9. september 2025.

Anna Sigríður Guðnadóttir kom inn á fundinn kl. 08:30 og Walter Kristjánsson kl. 08:35.

5. Fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum - 2509059SA

Lagt fyrir minnisblað aðalhogfræðings og yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 9. september 2025, um fyrirhugaðar breytingar á eftirliti með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum.

Stjórn tekur undir þær áhyggjur sem komið hafa fram varðandi tilfærslu heilbrigðiseftirlits frá sveitarfélögum til stofnana ríkisins og leggur höfuðáherslu á að þétt samstarf verði haft við sveitarfélögin um næstu skref. Heilbrigðiseftirlitin sinna mikilvægu hlutverki um allt land og mikilvægt er þjónustan verði áfram aðgengileg og sérfræðistörf haldist í heimabyggð. Þá er óljóst hvernig verður staðið að þeim verkefnum sem áfram verða á hendi sveitarfélaga við þessa yfirfærslu og leggur stjórn áherslu á að þessar breytingar verði ekki til þess að auka kostnað sveitarfélaga og atvinnulífs.

6. Ósk um aðkomu sveitarfélaga að uppbyggingu nýrrar bálstofu - 2509044SA

Lagt fram minnisblað framkvæmdastjóra Sambandsins, dags. 9. september 2025, um mögulega aðkomu sveitarfélaga að uppbyggingu nýrrar bálstofu.

Stjórn felur formanni að taka samtalið áfram við ráðherra og ráðuneyti og leggja fyrir stjórn að nýju áður en afstaða verður tekin um málið hjá stjórn.

7. Hagsmunagæsla Sambandsins gagnvart Alþingi - 2509185SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 5. september 2025, um hagsmunagæslu Sambandsins gagnvart Alþingi þingveturinn 2024-2025.

8. Frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 og þingmálaskrá - 2509351SA

Aðalhogfræðingur og yfirlögfræðingur fóru yfir helstu mál í frumvarpi til fjárlaga fyrir árið 2026, ásamt þingmálaskrá 157. löggjafarþings 2025-2026.

9. Veikindarannsókn í samstarfi við Hagstofu Íslands - 2509303SA

Lagt fram minnisblað Sambandsins, dags. 10. september 2025, um söfnun upplýsinga um veikindafjarvistir starfsfólks sveitarfélaga.

Starfsfólki falið að vinna málið áfram og leggja kostnaðaráætlun fyrir stjórn þegar hún er klár.

10. Rammasamningur við STEF - 2509055SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 4. september 2025, um möguleika á heildar- eða rammasamningi við STEF.

Stjórn samþykkir að leitað verði til sveitarfélaga um afstöðu til þess hvort Sambandið eigi að vinna að heildarsamningi við STEF fyrir hönd þeirra.

11. Launatöfluauki fyrir kjarasamningstímabilið 2024-2028 - 2509031SA

Í viðauka kjarasamninga stéttarfélaga við opinbera launagreiðendur á kjarasamningstímabilinu 2024-2028 var fjallað um launatöfluauka. Fyrsta uppgjör launatöfluauka tekur gildi 1. september 2025 vegna viðmiðunartímabilsins desember 2023 til desember 2024. Niðurstöður meirihluta nefndar um launatöfluauka er að launatöfluauki virkist ekki í kjarasamningum stéttarfélaga við Samband íslenskra sveitarfélaga og

Reykjavíkurborg. Fulltrúi KÍ í nefndinni skrifaði ekki undir niðurstöðu meirihluta nefndarinnar og áskilur sér rétt að skjóta málinu fyrir Félagsdóm.

12. Tilnefning í stjórn vinnustaðanámssjóð - 2509016SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 3. september 2025, þar sem Margrét Sigurðardóttir, sérfræðingur á kjarasviði Sambandsins og Bjarni Ómar Haraldsson, sérfræðingur á kjarasviði Sambandsins, eru tilnefnd í stjórn vinnustaðanámssjóð.

Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.

Fundi var slitið kl. 09:45

Fundargerð 985. fundar

stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Árið 2025, föstudaginn 26. september kl. 12:00 kom stjórn Sambands íslenskra sveitarfélaga saman til fundar og fór hann fram í gegnum fjarfundarbúnað.

Fundinn sátu: Jón Björn Hákonarson, Einar Þorsteinsson, Hildur Björnsdóttir, Hjálmar Sveinsson, Anna Sigríður Guðnadóttir, Rósa Guðbjartsdóttir, Einar Brandsson, Álfhildur Leifsdóttir, Freyr Antonsson, Helgi Kjartansson og Walter Fannar Kristjánsson.

Nanný Arna Guðmundsdóttir boðaði forföll, varamaður hennar Álfhildur Leifsdóttir mætti í hennar stað. Margrét Ólöf A. Sanders boðaði forföll, varamaður hennar Helgi Kjartansson mætti í hennar stað.

Að auki sátu fundinn Arnar Þór Sævarsson, Inga Rún Ólafsdóttir, Valgerður Rún Benediktsdóttir, Grétar Sveinn Theodórsson, Helga María Pálsdóttir, Þórdís Sveinsdóttir, Saga Guðmundsdóttir og Valur Rafn Halldórsson, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Fundargerð 984. fundar - 2509141SA

Lögð fram til kynningar fundargerð 984. fundar stjórnar Sambandsins frá 12. september 2025, sem undirrituð hefur verið með rafrænum hætti.

2. Drög að umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026 - 2509351SA

Lagðar fram áherslur í umsögn um frumvarp til fjárlaga fyrir árið 2026, 1. mál.

Stjórn þakkar fyrir yfirferðina og felur yfirlögfræðingi að ganga frá umsögn í samræmi við umræður á fundinum.

Hildur Björnsdóttir kom inn á fundinn kl. 12:20.

3. Skráning lögheimilis í frístundabyggð - 2509010SA

Lagt fram minnisblað yfirlögfræðings Sambandsins, dags. 18. september 2025, um samantekt úr vinnustofu um skráningu lögheimilis í frístundabyggð.

Stjórn felur framkvæmdastjóra að funda með viðeigandi ráðuneytum og stofnunum til að óska eftir nauðsynlegum breytingum á lögum og verklagi í samræmi við niðurstöður vinnustofunnar.

4. Ábatagreining á stafrænu samstarfi hins opinbera - KPMG - 2509309SA

Sviðsstjóri þróunarsviðs Sambandsins gerði grein fyrir málinu.

Stjórn þakkar fyrir áhugaverða kynningu og telur rétt að vinna áfram að auknu samstarfi hins opinbera í stafrænum málum sem leitt getur af sér aukna hagkvæmni og betri nýtingu fjármagns sem nú fer í málaflokkinn hjá opinberum aðilum.

5. **Samræmd móttaka flóttafólks - breytt fyrirkomulag - 2509187SA**
Framkvæmdastjóri og sviðsstjóri stjórnsýslusviðs Sambandsins gerðu grein fyrir stöðu mála.
Stjórn leggur áherslu á að Sambandið verði í þétu samstarfi við móttöku sveitarfélögin um áframhald málsins.
6. **Frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum nr. 138/2011 - 2509478SA**
Lagt fram til kynningar frumvarp til laga um breytingar á sveitarstjórnarlögum ásamt fylgigögnum.
Stjórn felur framkvæmdastjóra að óska eftir að ráðuneytið kynni fyrirhugaðar lagabreytingar fyrir sveitarstjórnarstiginu. Þá verði drög að umsögn Sambandsins um frumvarpið lögð fyrir næsta stjórnarfund þann 10. október næstkomandi. Ljóst er að hluti breytinganna, svo sem um stærð sveitarfélaga, lítur að sjálfstjórnarvaldi og hvetur Sambandið sveitarfélög til að veita sjálf umsögn um þau atriði sem og önnur þau sem snert geta sveitarfélögin með misjöfnum hætti.
7. **Áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum nr. 70/1996, um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins - 2509482SA**
Lagt fram áform um frumvarp til laga um breytingu á lögum um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins sem og áhrifamati lagasetningarinnar.
Stjórn Sambandsins styður við breytingarnar en leggur höfuðáherslu á að sveitarfélögin komi að áframhaldandi undirbúningsvinnu við gerð frumvarpsins þannig að tryggt verði að réttindi og skyldur allra opinberra starfsmanna, bæði ríkis og sveitarfélaga, verði hin sömu hvað varðar uppsagnarvernd almennt og afnám áminningarskyldu. Það verði best tryggt með því að lög um réttindi og skyldur starfsmanna ríkisins gildi einnig um starfsfólk sveitarfélaga þannig að umgjörðin sé sú sama hjá opinberum starfsmönnum.
8. **Tilnefning í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs - 2509046SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til mennta- og barnamálaráðuneytisins, dags. 16. september 2025, þar sem Edda Björg Sigurðardóttir, grunn- og tónlistarskólafulltrúi á fræðslu- og frístundasviði Garðabæjar, og Sigurður Arnar Sigurðsson, skólastjóri Grundaskóla á Akranesi, eru tilnefnd í úthlutunarnefnd Menntarannsóknasjóðs. Það þeirra sem ráðherra skipar ekki verður varamaður hins.
9. **Tilnefning í bókasafnaráð - 2509349SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til menningar-, nýsköpunar- og háskólaráðuneytisins, dags. 23. september 2025, þar sem Njörður Sigurðsson, bæjarfulltrúi í Hveragerði, og Jónína Brynjólfssdóttir, forseti bæjarstjórnar í Múlaþingi, eru tilnefnd í bókasafnaráð.
10. **Tilnefning í Félagsdóm - 2509330SA**
Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 23. september 2025, þar sem Stefán Ólafsson, lögmaður, er tilnefndur í Félagsdóm.

11. Tilnefning í vinnuhóp um fráveitumál - 2509388SA

Lagt fram til kynningar bréf Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 23. september 2025, þar sem Sigríður Vilhjálmsdóttir, lögfræðingur á stjórnsýslusviði Sambandsins, er tilnefnd í vinnuhóp um fráveitumál.

12. Umsögn um áform um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar - 2509332SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til félags- og húsnæðismálaráðuneytisins, dags. 19. september 2025, um áform um breytingar á lögum um atvinnuleysistryggingar, mál nr. S-159/2025.

13. Umsögn um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum - 2509411SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til umhverfis-, orku- og loftslagsráðuneytisins, dags. 19. september 2025, um áform um breytingu á ýmsum lögum vegna einföldunar regluverks og aukinnar skilvirkni eftirlits með hollustuháttum, mengunarvörnum og matvælum, mál nr. S-160/2025.

14. Umsögn um drög að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2026-2029 - 2509463SA

Lögð fram til kynningar umsögn Sambandsins til dómsmálaráðuneytisins, dags. 22. september 2025, um drög að aðgerðaáætlun í málefnum hinsegin fólks 2026-2029, mál nr. S-157/2025.

Fundi var slitið kl. 15:30

Fundargerð 83. fundar

stjórnar Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum

Árið 2025, föstudaginn 20. júní kl. 10:00 kom stjórn Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum saman til fundar í Allsherjarbúð, Borgartúni 30 í Reykjavík.

Fundinn sátu: Íris Róbertsdóttir, Björn Ingimarsson, Kristinn Jónasson, Björg Ágústsdóttir og Gerður Björk Sveinsdóttir.

Að auki sat fundinn Bryndís Gunnlaugsdóttir lögfræðingur, sem ritaði fundargerð.

Fundargerðin var færð í tölvu.

Þetta var tekið fyrir:

1. Sameiginleg hagsmunamál SO og SSKS - 2506001SK

Stjórnir Samtaka orkusveitarfélaga og Samtaka sveitarfélaga á köldum svæðum fóru í vinnu við að greina sameiginleg hagsmunamál.

Formönnum beggja samtaka og starfsmanni samtakanna falið að taka saman helstu niðurstöður.

2. Næstu skref - 2410001SK

Farið var yfir næstu skref í sameiginlegri hagsmunabaráttu beggja samtaka.

Formönnum beggja samtaka og starfsmanni samtakanna falið að taka saman drög að næstu skrefum og verkaskiptingu milli samtakanna.

Fundi var slitið kl. 13:00

Góðan daginn,

Fyrir hönd Knattspyrnudeildar UMF Víkings og Ungmennafélagsins Víkings/Reynis óskum við eftir auka fjárveitingu upp á kr. 2.000.000 á ári vegna yngri flokka þjálfunar hjá Knattspyrnudeild UMF Víkings. Styrkurinn fer í að bæta umgjörð og gæði þjálfunnar hjá Ungmennafélaginu Víking/Reyni og mun Knattspyrnudeild UMF Víkings sjá um þennan hluta þjálfunnar í samstarfi við Ungmennafélagið Víking/Reyni.

Stjórn Ungmennafélagsins Víkingur/Reynir

Stjórn Knattspyrnudeildar UMF Víkings

Kristinn Jónasson

From: Guðmundur Jensson <gummijens@outlook.com>
Sent: fimmtudagur, 11. september 2025 13:12
To: Snæfellsbær
Subject: Leiksýning - ljós

Til Snæfellsbæjar Leikfélagið Lauga er þessa dagana að undirbúa sýningu í Röstinni.

Við hlökkum mikið til að bjóða íbúum og gestum upp á góða menningarupplifun, en við stöndum nú frammi fyrir verulegu vandamáli.

Allur ljósabúnaður hússins er ónýtur og því ómögulegt fyrir okkur að setja upp sýninguna eins og til stóð. Ljósin skipta gríðarlega miklu máli, bæði fyrir öryggi leikara og áhorfenda og einnig fyrir gæði og upplifun sýningarinnar.

Við óttumst að ef ekkert verður gert geti það haft áhrif á alla starfsemi í Röstinni, ekki bara okkar sýningu heldur líka aðra viðburði í framtíðinni.

Við vitnum í pósti sem að Ægir Þór Þórsson hefur skrifað til ykkar og vonumst til að þetta mál verði leyst sem fyrst.

Við teljum mikilvægt að Röstin sé vel búin til að þjóna íbúum sveitarfélagsins og stuðla að fjölbreyttu menningarlífi á svæðinu núna og í framtíðinni.

Við vonumst eftir jákvæðum viðbrögðum.

MBK fyrir hönd Leikfélagsins Lauga

Guðmundur Jensson

Formaður Leikfélagsins

Sent from my Galaxy

Snæfellsbæ 06.10.2025

Erindi til bæjarstjórnar Snæfellsbæjar

Óskað er eftir heimild Snæfellsbæjar til að vinna að uppsetningu listaverks við aðkomu til Ólafsvíkur. Verkið heitir Heimur í huga og er unnið að Helga Gíslasyni.

Ef bæjaryfirvöld fallast á þessa hugmynd verður sótt um styrk hjá uppbyggingarsjóði SSV og óskað eftir samstarfi við Snæfellsbæ. Við undirrituð munum styrkja verkefnið. Tilgangur er að listaverk taki á móti fólki á leið inn til Ólafsvíkur. Verkið Heimur í Huga mun mynda mótvægi við Frelsisleið eftir Jo Kley sem er vestan við Hellissand.

Hildigunnur Haraldsdóttir f.a.í.

Hildigunnur Haraldsdóttir

Þórir Hlífur Gunnarsson

Þórir Hlífur Gunnarsson







SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 22. september 2025

Til sveitarfélaga á Íslandi bt. sveitarstjórnar

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.
Hún er svohljóðandi:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn að Varmalandi í Borgarfirði dagana 29.-31. ágúst 2025, hvetur sveitarfélög landsins til að setja fram með skýrum hætti í aðalskipulagi hvar megi stunda landbúnað með nýskógrækt og hvar ekki. Fundurinn hvetur sveitarfélög landsins til að endurskoða aðalskipulag sitt að loknum sveitastjórnarkosningum vorið 2026 og gera það þannig úr garði að það uppfylli kröfur Skipulagslaga 123/2010 og Skipulagsreglugerðar 90/2013 með síðari breytingum. Jafnframt eru sveitarfélög hvött til að vera á varðbergi gagnvart rangfærslum í umsögnum um framkvæmdaleyfi til nýskógræktar.

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands

Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Afrit: Innviðaráðuneyti, Félags- og húsnæðismálaráðuneyti, Skipulagsstofnun



SKÓGRÆKTARFÉLAG ÍSLANDS

Landssamband skógræktarfélaganna – Þórunnartúni 6 - 105 Reykjavík
Sími: 551 8150 Netfang: skog@skog.is Vefsíða: www.skog.is

Reykjavík 22. september 2025

Sveitar- og skipulagsstjórn

Með bréfi þessu vill stjórn Skógræktarfélags Íslands fylgja eftir eftirfarandi ályktun sem samþykkt var á aðalfundi félagsins nýverið.
Hún er svohljóðandi:

Aðalfundur Skógræktarfélags Íslands, haldinn að Varmalandi í Borgarfirði dagana 29.-31. ágúst 2025, beinir því til sveitarfélaga að skógrækt verði ekki háð framkvæmdaleyfi umfram það sem gildir um annan landbúnað.

Greinargerð:

Mikið vantar á að sveitarfélögin uppfylli kröfur Skipulagsreglugerðar 90/2013 með síðari breytingum hvað varðar m.a. eftirfarandi þætti: (Eftirfarandi eru tilvitnanir í texta Skipulagsreglugerðar í sömu röð og hann er settur fram í reglugerðinni)

Markmið reglugerðarinnar; að stuðla að skynsamlegri og hagkvæmri nýtingu lands og landgæða og að réttur einstaklinga og lögaðila verði ekki fyrir borð borinn þótt hagur heildarinnar sé hafður að leiðarljósi.

Skilgreiningar

Framkvæmdaleyfi: Leyfi til framkvæmda í samræmi við skipulag.

Landnotkun: Ráðstöfun lands til mismunandi nota, svo sem undir íbúðir, frístundahús, iðnað, verslun, útivist og landbúnað.

Umsagnaraðilar: Opinberar stofnanir og stjórnvöld sem sinna lögbundnum verkefnum á sviði skipulagsmála og leyfisveitingum þeim tengdum.

Hlutverk skipulagsstofnunar

- að hafa eftirlit með framkvæmd skipulagslaga og reglugerða sem settar eru samkvæmt þeim,

- að veita upplýsingar og leiðbeiningar um skipulagsmál,

- að fylgjast með stöðu skipulagsmála í sveitarfélögum.

Skipulagsskylda.

skipulagsskylda nær til lánas og najs innan marka sveitarfélaga. Bygging nusa og annarra mannvirkja ofan jarðar og neðan og aðrar framkvæmdir og aðgerðir sem hafa áhrif á umhverfið og breyta ásjón þess skulu vera í samræmi við skipulagsáætlanir.

Í skipulagsáætlunum er mörkuð stefna um landnotkun.

Landgræðslu- og skógræktaráætlanir skulu vera í samræmi við gildandi skipulagsáætlanir.

Aðalskipulag.

Markmið með gerð aðalskipulags, auk almennra markmiða skv. reglugerð þessari eru:

- a. að vera vettvangur stefnumótunar sveitarstjórnar í samráði við íbúa um mikilvæg viðfangsefni sem snerta þróun sveitarfélagsins,
- b. að sýna með skýrum hætti hver stefna sveitarfélags er og stuðla þannig að markvissri þróun þar sem tekið er tillit til heildarhagsmuna,
- c. að miðla málum milli ólíkra hagsmuna þeirra sem búa og munu búa í sveitarfélaginu,
- d. að stuðla að öryggi almennings og lífsgæðum.

Aðalskipulag er skipulagsáætlun fyrir viðkomandi sveitarfélag og skal taka til alls lands innan marka sveitarfélagsins. Í aðalskipulagi er sett fram stefna sveitarstjórnar um þróun sveitarfélagsins varðandi landnotkun, byggðarþróun, byggðamynstur, samgöngu- og þjónustukerfi og umhverfismál. Þar er einnig gerð grein fyrir takmörkunum á landnotkun, svo sem vegna náttúruvár og verndar.

Stefna um landnotkun skal rökstudd með vísun í sett markmið sveitarstjórnar. Við gerð aðalskipulagsáætlana skal eftir föngum leita eftir sjónarmiðum og tillögum íbúa, viðkomandi stjórnvalda og annarra þeirra sem hagsmuna eiga að gæta um mörkun stefnu.

Setja skal lýsingu fram í greinargerð ásamt yfirlitsmynd yfir skipulagssvæðið. Í lýsingu skal gerð grein fyrir eftirfarandi þáttum í því umfangi sem tillögugerðin gefur tilefni til

og vera í tengslum við aðra áætlanagerð á svæðinu og aðliggjandi svæðum svo sem svæðisskipulag, landsskipulagsstefnu og aðrar áætlanir um landnotkun á landsvísu, svo sem um loftslagsmál, landbúnað og umhverfisvernd.

Í skipulagsgögnum skal gera grein fyrir og marka stefnu um neðangreind málefni og setja þau fram með ákvörðunum um landnotkun, eftir því sem við á:

- Þróun landbúnaðar og megináhrifabættir.

- Stefna um útivistarsvæði

- Þróun skógræktar og landgræðslu og hvernig staðið hefur verið að endurheimt votlendis. Umfang og einkenni ræktarsvæða og tengd mannvirkjagerð. Gera skal sérstaklega grein fyrir skógrækt og landgræðslu innan landbúnaðarsvæða.

Stefna um hvar eða við hvaða aðstæður skógrækt og landgræðsla er heimil.

Stefna um endurheimt votlendis og umfjöllun ef fyrirhugað er að skerða votlendi vegna framkvæmda.

Á skipulagsuppdraetti skal auðkenna og sýna staðbundnar ákvarðanir um landnotkun, vernd og aðrar takmarkanir á landnotkun.

Telji Skipulagsstofnun að tillagan fullnægi ekki settum kröfum um aðalskipulag skal hún leita samkomulags við sveitarstjórn um breytingar.

Að loknum sveitarstjórnarkosningum metur sveitarstjórn hvort ástæða sé til að endurskoða aðalskipulagið.

Grenndarkynning felst í því að skipulagsnefnd kynnir nágrönnum, sem taldir eru eiga hagsmuna að gæta, leyfisumsókn eða tillögu að óverulegri breytingu á deiliskipulagi.

Skipulagsnefnd skal leggja mat á hverjir geta talist hagsmunaaðilar.

Hafi borist athugasemdir frá hagsmunaaðilum skal sveitarstjórn senda þeim aðilum er athugasemdir gerðu umsögn sína um þær ásamt niðurstöðu.

Ákvæði um landnotkunarflokka eiga við um svæðis-, aðal- og deiliskipulag.

Óheimilt er að gefa út leyfi til framkvæmda sem ekki samrýmast stefnu um landnotkun í skipulagi.

Um hvern landnotkunarflokk skal í aðalskipulagi setja almenna skilmála og að auki sértæka skilmála fyrir hvern landnotkunarreit eftir því sem við á.

Nota skal eftirfarandi landnotkunarflokka, eftir því sem við á:

r. Skógræktar- og landgræðslusvæði (SL).

Svæði fyrir skógrækt og landgræðslu, svo sem nytjaskógrækt, fjölnytjaskógrækt, landbótaskógrækt, skjólbelti, landgræðsluskógrækt, skipulagða landgræðslu og aðra uppgæðslu.

Skýlt er að tilgreina í aðalskipulagi svæði þar sem sérstakar aðstæður kalla á takmarkanir á landnotkun.

Litur landnotkunarflokka er tilgreindur með RGB kóða í tugakerfi (0-255) og í sextándakerfi (hexadecimal). Nota skal þá liti sem sýndir eru í töflu 7.1:

Skógræktar og landgræðslusvæði (SL) Dökkgrænn litur.

Það er einlæg ósk Skógræktarfélags Íslands að ályktunin verði tekin til góðfúslegrar skoðunar.

F.h. stjórnar Skógræktarfélags Íslands



Brynjólfur Jónsson framkvæmdastjóri

Afrit: Félags- og húsnæðismálaráðuneyti